

Nefndarsvið Alþingis
bt. Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2020

Umsögn Blaðamannafélags Íslands um:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31/1990 16. mál


(Lagt fyrir Alþingi á 151. löggjafarþingi 2020–2021.)

Stjórn Blaðamannafélags Íslands þakkar allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að veita umsögn um ofangreint mál.

Blaðamannafélag Íslands hefur átt aðkomu að undirbúningi lagasetningar þessa efnis í nefnd forsætisráðherra um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis. Frumvarpið sem nefndin útbjó hlaut ekki náð fyrir augum réttarfarsnefndar, eins og rakið er í greinargerð með frumvarpinu og er núverandi frumvarp samið af réttarfarsnefnd. Blaðamannafélagið hefði kosið að upphaflega frumvarpið hefði fengið brautargengi. Því miður er það ekki raunin. Það frumvarp sem hér liggur fyrir er engu að síður réttarbót að mati félagsins og styður félagið þær breytingar sem það innifelur.

Að sjálfsögðu er fulltrúi félagsins reiðubúinn að koma fyrir nefndina og gera betur grein fyrir afstöðu félagsins sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h stjórnar BÍ



Hjálmar Jónsson, formaður BÍ